

159. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME fimmtudaginn 7. apríl 2022 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Waren og Sigrún Birna Björnsdóttir auk áheyrnarfulltrúanna Fjólu Orradóttur f.h. foreldra, Elísabethar Önnu Gunnarsdóttur f.h. nemenda og Björns Gísla Erlingssonar f.h. kennara sem var á Teams. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Fundargerðir síðustu fjarfunda undirritaðar og þar með staðfestar.
2. Gangurinn í starfinu.
3. Starfsmannamál.
4. Ársskýrsla ME fyrir árið 2021.
5. Önnur mál.
 - a. ME stofnun ársins 2021
 - b. Innlit í skólann

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir síðustu fjarfunda undirritaðar og þar með staðfestar

Fundargerðir 155.-158. funda voru undirritaðar og þar með staðfestar.

2. Gangurinn í starfinu

Skólameistari sagði frá starfi síðustu vikna. Það hefur gengið ljómandi vel. Álag hefur minnkað á kennurum þar sem samtala dagskólahópa og fjarnemenda miðast nú við 30. Haldnir hafa verið tveir opnir dagar fyrir nemendur. Á þeim gátu nemendur valið um ýmsar stöðvar auk þess sem sá seinni var helgaður Barkanum og undirbúningi fyrir hann. Dagarnir voru stakir í miðri viku í miðri spönn. Fulltrúi nemenda lýsir ánægju með það fyrirkomulag. Sá þriðji verður í maí og þá verða Austfirskir ólympíuleikar. Opið hús var haldið í síðustu viku fyrir 10. bekkinga á Austurlandi og forráðafólk þeirra þar sem skólinn og starfið var kynnt. Afar vel heppnaður viðburður. Fulltrúi nemenda sagði frá að stjórn NME hefði farið í nokkra skóla og kynnt starf NME fyrir 10. bekkingum. Barkinn var haldinn í Valaskjálf 17. mars og keppti Dögun Óðinsdóttir, sigurvegari kvöldsins, í stóru keppninni 3. apríl á Húsavík. Vel var mætt í salinn. Nú er nemendafélagið með áskorunarviku þar sem þau taka ýmsum áskorunum og safna um leið fyrir Krabbameinsfélög Austurlands. Í mars var gleðivika. Vali fyrir haustönn er nýlokið. Útskrift verður í Valaskjálf föstudaginn 20. maí.

3. Starfsmannamál

Skólameistari sagði frá að auglýst hafi verið eftir stærðfræðikennara og eðlis- og jarðfræðikennara. Einnig verður auglýst eftir iðjupjálfa eða þroskaþjálfa.

4. Árskýrsla ME fyrir árið 2021

Skólameistari sagði frá að ársskýrslu hefði verið skilað inn. 35-40 milljóna kr. halli var á rekstrinum á síðasta ári sem rekja má til veikinda, kennsluafsláttar vegna aldurs og að sértekjur af hótelri drögust saman vegna Covid. Einnig hefur 30% skerðing fyrir fjarnemendur sem eiga annan heimaskóla mikil áhrif. Rætt var um að halda áfram að knýja á um leiðrétti á útreikningi vegna fjarnema.


Einnig var rætt um að gott væri að geta boðið upp á grunninn í verknámi þannig að nemendur gæti byrjað nám sitt hér og farið svo í meira verknám.

5. Önnur mál


- a) Skólameistari sagði frá því að ME hafi verið valin stofnun ársins í floknum stofnanir með 40-89 starfsmenn. Skólanefnd fagnaði því.
- b) Skólameistari fór yfir gjaldskrá heimavistar sem hefur verið óbreytt síðan 2019. Samþykkt var að hækka gjald fyrir einstaklingsherbergi í 35.000 kr. og tvímenningsherbergi í 20.000 kr.
- c) Skýrsla um ytra mat hefur verið send til skólans til athugasemda.
- d) Næsti fundur skólanefndar verður haldinn 2. júní kl. 17.
- c) Innlit í skólann. Skólameistari fór með fundarmenn um kennsluhúsnæðið og sýndi umbætur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.

Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Sigrún Birna Björnsdóttir

